

44. fundur hverfisnefndar Síðuhverfis haldinn í Gleráarkirkju, Mánudaginn 13. Mars 2017 kl. 18:30

Mætt: Ágústa Ólafsdóttir, Linda Rós Daðadóttir, Sigmundur Sigurðsson og María H. Tryggvadóttir
Komust ekki: Jón Lárusson og Elín Dögg Gunnarsdóttir

Dagskrá:

- Ákveða í hvað umhverfisstyrkur Akureyrarbæjar á að fara (2 milljónir)
- Ákveða dagsetningu/tíma fyrir aðalfund hverfisnefndar
- Skoða fyrstu hugmyndir að nýju aðalskipulagi bæjarins og punkta niður athugasemdir sem þarf að koma til skila.

1) Umhverfisstyrkurinn

Þrýsta þarf á að svæðið vestan við Síðuskóla sem afmarkast af Vestursíðu, Lögmannshlíð öldrunarheimili og malarvegarins til móts við mötuneytið í Síðuskóla verði skilgreint sem opið svæði/útivistarsvæði í nýju aðalskipulagi bæjarins. Ekkert skilgreint opið svæði/útivistarsvæði er í Síðuhverfi. Svæðið sem um ræðir er miðsvæðis í hverfinu og gott aðgengi að því bæði frá skólanum, öldrunarheimilinu og leikskólunum.

Hverfisnefndin óskar því eftir að halda áfram með uppbyggingu á svæðinu sem hafin er með stígum, útikennslusvæði og mögulega einhverjum þrautabrautum.

Í samstarfi við umhverfisnefnd Síðuskóla hefur verið gerður meðfylgjandi forgangslisti varðandi uppbyggingu svæðisins.

- a) Skjólveg** upp á hæðinni við grillhúsið (norðanmegin) svipaðan þeim sem er fyrir austan og sunnan grillhúsið. – eigum efni, til viðbótar kemur útfærsla og vinna við uppsetningu.
- b) Þétta skjólvegginn** sem búið er að reisa, búa til betra skjól. – eigum efni, til viðbótar kemur vinna við uppsetningu.
- c) Klæðning á Grillhúsið** – til er efni í klæðningu (fylgdi með húsinu) – kostnaður við uppsetningu.
- d) Athuga með salla í stígana.** Kanna hvort eftir er að klára stígana þ.e. hvort bæta þurfi salla í einhverja þeirra til að klára verkið.
- e) Borð með áföstum bekkjum.** Athuga með 2 – 3 bekki. – Kanna þarf hvort við eigum efni í það eða hvort þarf að kaupa, síðan kemur kostnaður við smíði og flutning.
- f) Búið er að smíða bekk í Síðuskóla og fleiri eru í vinnslu úr efninu sem við keyptum hjá Skógræktinni. Bekkirnir verða settir inn í skjólveggina tvo.**
- g) Göngubraut yfir mýrina** – búa þarf til flotbrýr yfir mýrina fyrir vestan grillhúsið. Eftir er að flytja trjáboli á staðina og nemendur geta síðan unnið að því að setja viðarborð ofan á bolina. Efnið er til, en til viðbótar kemur vinna við flutning á efni og uppsetningu.
- h) Setja upp þrautir, þrautabraut á svæðinu.** Nota sem mest náttúrulegt efni, eflaust hentar eitthvað af efninu sem við eigum. En samt kemur aukakostnaður í formi vinnu og uppsetningar. Einnig er hugmynd að setja upp fótboltaspil svipað því sem er á Hömrum en skoða þarf m.a. umhirðu og öryggismál.

2) Aðalfundur

Auglýsa þarf aðalfund hverfisins. Stefnt er að halda fundinn fimmtudagskvöld. 30.mars kl.20.00
Óska á eftir að fá kynningu á nýja aðalskipulaginu inn á fundinn.

3) Aðalskipulag

Farið var yfir nýju drögin að aðalskipulaginu. Meðal annars var rætt um að fá opin svæði skilgreind sem slík t.d. leiksvæðið við Bugusíðu, móann vestan við Síðuskóla þar sem verið er að búa til útivistarsvæði fyrir hverfið og svæðið í kringum Álfhól. Einnig er þörf á að fá fleiri göngu- og hjólastíga m.a. sem tengjast við skógræktarsvæðið sem er fyrir ofan hverfið uppi í sjálfri Lögmannshlíðinni.

Skilafrestur fyrir ábendingar er 20. apríl. Ákveðið var að safna saman öllum ábendingum og bíða með að skila inn þangað til eftir aðalfundinn þar sem við stefnum á að fá kynningu á aðalskipulaginu á þeim fundi.

Fundi slitið kl. 19.45

Fundarritari: María H. Tryggvadóttir.